

Nefndarsvið Alþingis

Varðar frumvarp til laga um fjöleignarhús, 597. mál.

Umsögn Félags Íslenskra ófnæmis- og ónæmislækna

Ofnæmissjúkdómar hafa farið vaxandi á undanförnum áratugum víða um heim. Á Íslandi eru um 6 % fullorðinna og um 9% skólabarna með astma. Um fjórðungur fullorðinna og barna eru með næmingu gegn einhverjum loftbornum ofnæmisvaka, oftast grasi en einnig gegn köttum og hundum. Margir þeirra eru einnig með astma og fá einkenni af sínum astma ef þeir eru útsettir því sem þeir hafa ofnæmi gegn. Þau einkenni (andþynglsi, hósti, surg fyrir brjósti og mæði) geta verið alvarleg ef ofnæmisvakinn er í einhverju magni eða þrálát ef magnið af ofnæmisvakanum er minna en viðvarandi. Einkenni frá augum eða nefi (ofnæmiskvef) geta líka komið fyrir. Dýr gefa frá sér ofnæmisvaka sem oftast eru smágerð prótein sameindir og sitja á húðflögum, í hári, í munnvatni, þvagi og öðrum vessum frá dýrunum, oftast ekki sýnileg berum augum.

Ofnæmisvakarnir safnast fyrir í húsgögnum, fötum og á gólfi og geta þannig borist á milli staða t.d. frá einni íbúð yfir á stigagang og þaðan yfir í aðra íbúð. Enn auknar líkur eru á þessu ef dýrin sjálf fara um stigaganginn. Einstaklingar með ofnæmi eru mismunandi næmir fyrir ofnæmisvökum og því geta sumir fengið meiri einkenni en aðrir við lág gildi af ofnæmisvaka. Fólk með ofnæmi gegn dýrum hefur mikinn heilsufarslegan ávinning af því að verða ekki útsett fyrir ofnæmisvökum frá dýrum í híbýum sínum eða við að ganga um híbýli sín.

Stjórn Félags Íslenskra ónæmis- og ofnæmislækna hefur í dag fundað um umræddar breytingar. Hún er ánægð með lögin eins og þau eru nú og leggst algjörlega gegn þessu frumvarpi sem skerðir verulega sjálfsgöð réttindi fólks með astma og ofnæmi gegn dýrum, að vera ekki á eigin heimili útsett fyrir ofnæmisvökum sem valda þeim heilsutjóni.

Viðingafyllst,

f.h. stjórnar Félags Íslenskra ofnæmis – og ónæmislækna.



Michael Clausen formaður

Heimildir:

Aukning öndunarferaeinkenna og notkunar astmalyfja meðal Íslendinga á aldrinum 20-44 ára.
Davíð Gíslason, Michael Clausen, Stefán Sigurkarlsson, Þórarinn Gíslason.
The Icelandic Medical Journal (Læknablaðið) 2011;97 (9) 463-467.

High prevalence of allergic diseases and sensitization in a low allergen country.
Clausen M., Kristjánsson S, Haraldsson A, Björkstén B
Acta Paediatr. 2008 Sep;97(9):1216-20

A long-term follow-up of allergic diseases in Iceland. Finnbogadóttir AF, Árdal B, Eiríksson H, et al.
Pediatr Allergy Immunol 2012; 23: 181-5.

Umsögn Hundaræktarfélags Íslands um Frumvarp til laga - um breytingu til laga um fjöleignarhús

Þingskjal 1011 — 597. mál.

Til þess er málið varðar.

Hundaræktarfélag Íslands fagnar framkomnu *Frumvarpi til laga - um breytingu til laga um fjöleignarhús*. Rétturinn að eiga og njóta samvista við hunda hefur lengi verið á stefnuskrá félagsins og á sá réttur að mati félagsins að vera sem víðastur og ekki megi mismuna fólki eftir búsetuformi.

Hundaræktarfélag Íslands er sammála öllum liðum frumvarpsins og leggur ekki til neinar breytingar á þeim.

Virðingarfyllt,
stjórn Hundaræktarfélags Íslands.